



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Efni: Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 2021***

Freydís Kristjánsdóttir, Jón St. Kristjánsson og Snæbjörn Arngrímsson hlutu Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar 2021 fyrir bækurnar *Sundkýrin Sæunn*, *Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen 3* og *Dularfulla styttnar* og drengurinn sem hvarf.

Barnabókaverðlaunin eru veitt í þremur flokkum bóka fyrir börn og ungmenni; flokki frumsaminnna bóka, flokki myndlýsinga og flokki þýðinga. Þetta eru elstu barnabókaverðlaun á Íslandi en þau voru fyrst veitt árið 1973 á vegum fræðslufirvalda í Reykjavík. Árið 2016 voru Dimmalimm myndlýsingaverðlaunin felld undir Barnabókaverðlaunin og urðu flokkarnir þá þrír. Verðlaunafé er 350.000 kr. í hverjum flokki.

Í ár fékk dómnefndin 116 bækur til skoðunar. Fimm bækur voru tilnefndar í hverjum flokki og hefur valnefnd nú skorið úr um hvaða þrjár bækur hljóta verðlaunin. Valnefnd skipuðu þau Tinna Ásgeirsdóttir formaður, Ásmundur Kristberg Örnólfsson, Guðrún Lára Pétursdóttir, Karl Jóhann Jónsson og Valgerður Sigurðardóttir.

Freydís Kristjánsdóttir hlaut Barnabókaverðlaunin fyrir myndlýsingar í bókinni *Sundkýrin Sæunn*. Sögur útgáfa gaf út. Í rökstuðningi valnefndar segir m.a.: „Myndir Freydísar eru listilega unnar, hrífandi og vinna vel með textanum og hvort tveggja vísar á skemmtilegan hátt í sígildar íslenskar barna- og þjóðsögur. Myndirnar eru í raunsæisstíl, unnar með vatns-/gvasslitum, og bera færni Freydísar vitni. Hún hefur frábært vald á þeim miðli sem hún hefur valið sér og um leið mikla næmni við að túlka dýr og menn.“

Jón Stefán Kristjánsson hlaut Barnabókaverðlaun fyrir þýðingu sína á bókinni *Ótrúleg ævintýri Brjálínu Hansen 3* eftir Finn-Ole Heinrich og Rán Flygenring. Angústúra gaf út. Í rökstuðningi valnefndar segir m.a.: „Þýðandinn glímir við afar fjölbreytt verkefni í þessari sögu. Hann þarf ekki aðeins að búa til skapandi staðarheiti á borð við Brjálívú og Plastgerði og nýyrði eins og Blappír og Brús-ís, hann þarf líka að þýða fjölda uppskrifta og myndasagna og halda takti í iðandi frásögn sem lýtur sínum eigin lögmálum. Allt ferst þetta honum afar vel úr hendi. Hann fangar einstök blæbrigði verksins og skilar bæði sorgum og sigrum Brjálínu til íslenskra lesenda á lipru og leikandi máli svo unun er að lesa.“

Snæbjörn Arngrímsson hlaut Barnabókaverðlaunin fyrir bestu frumsömdu bókina á liðnu ári, *Dularfulla styttn og drengurinn sem hvarf*. Vaka-Helgafell gaf út. Í rökstuðningi valnefndar segir m.a.: „Höfundur fer ákaflega létt með að véla lesandann inn í söguheiminn með lágstemmdum stíl og meitlaðri persónusköpun. Snæbjörn ber virðingu fyrir ungum lesendum og skilur margt eftir handa þeim til að ráða úr í textanum og lesa á milli línanna. En fyrir þá sem eru styttra á veg komnir standa fléttan og spennan fyllilega fyrir sínu og bókina á því erindi til margra. *Dularfulla styttn og drengurinn sem hvarf* er fagað verk sem skilur eftir löngun hjá lesanda að fylgja Millu og Guðjóni á vit nýrra ævintýra.“

### **Tilnefndar bækur**

Eftirtaldar bækur voru tilnefndar til Barnabókaverðlauna Reykjavíkurborgar 2021 auk verðlaunabókanna:

### **Myndlýsingar í barnabók**

*Hestar* eftir Hjörleif Hjartarson og Rán Flygenring. Angústúra gaf út.

*Hvíti björn og litli maur* eftir José Federico Barcelona og Sólrúnu Ylfu Ingimarsdóttur. Salka gaf út.

*Nóra* eftir Birtu Þrastardóttur. Angústúra gaf út.

*Sjáðu* eftir Áslaugu Jónsdóttur. Mál og menning gaf út.

### **Þýddar bækur**

*Danskvæði um söngfugla og slöngur* eftir Suzanne Collins. Þýðandi Magnea J. Matthíasdóttir. JPV gaf út.

*Múmínálfarnir - Seint í nóvember* eftir Tove Jansson. Þýðandi Þórdís Gísladóttir. Mál og menning gaf út.

*Ókindin og Bethany* eftir Jack Meggitt-Phillips. Þýðandi Guðni Kolbeinsson. JPV gaf út.

*Villinorn 4 og 5 - Blóðkindin og Fjandablóð* eftir Lene Kaaberbøl. Þýðandi Jón St.

Kristjánsson. Angústúra gaf út.

### **Bækur frumsamdar á íslensku**

*Blokkín á heimsenda* eftir Arndísi Þórarinsdóttur og Huldu Sigrúnu Bjarnadóttur. Mál og menning gaf út.

*Herra Bóbó, Amelía og ættbrókin* eftir Yrsu Sigurðardóttur. Veröld gaf út.

*Skógurinn* eftir Hildi Knútsdóttur. JPV gaf út.

*Vampírur, vesen og annað tilfallandi* eftir Rut Guðnadóttur. Vaka-Helgafell gaf út.